

„Yfirlit okkar, Halldór Laxness, missti aldrei úr máltíð.“
Kristinn Harðarson, Daði Guðbjörnsson og Helgi P. Friðjónsson.

Við fengum okkur sæti í anddyrinu en úti var sólríkt og hlýtt og Kjarvalsstaðir opnir upp á gátt. Ég varaði þá málara fyrst við því, að spjalla almennt um starf þeirra en ekki eins og þeir væru að tala við hámenntaðan listfræðing, myndlistargagnrýnanda eða einhvern af álíka sauhúsi. Hér skyldi rætt um nýlist og það að vera eða vera ekki listamaður á Íslandi. – Á þann hátt að meira að segja við skiljum sem ekki vitum meira um myndlist en að Salvador Dalí sé talinn færa með pensilinn.

H: Já, Dalí og Daði, – þetta eru mjög svipuð nöfn. Ætli það sé þá ekki líklegt að Daði sé þá líka góður!
Og þarna gaf Helgi tóninn sem átti eftir að hljóma oft í eftirfarandi viðtali.

Gagnrýni

K: Já, það er kominn gagnrýni hjá honum Guðbergi Bergssyni í Helgarpóstinum. Hann aðgreinir ekkert sýningarnar í Reykjavík og bjó til eins konar pottrétt úr þeim öllum saman.

D: Já, það er þannig með gagnrýni hjá honum Guðbergi, að hún er fyrst og fremst bókmenntaverk en ekki myndlistargagnrýni. Guðbergur er rithöfundur, en hefur ekkert vit á myndlist.

H: Hann er ekki að spekulera í rauðum á móti grænum lit, heldur hugsar hann um sagnfræðilegan bakgrunn og....

D: ...Hann er mikið frekar grein- arhöfundur sem fær innblástur á myndlistarsýningum. Sem texta- höfundur er hann mjög góður. Annars þegar maður er kominn í nokkrar nefndir og svona, þá hætta gagnrýn- endur að rífa kjaft. Það er bara staðreynd og ekki út af neinu öðru.

Til hvers er þá gagnrýni?

H: Hún er fyrst og fremst til að skapa umræðu. Öll umræða er góð. En listamaðurinn má aldrei fara eftir gagnrýninni til að finna hina einu réttu leið.

D: Ef það væri eitthvert mark takandi á flestum þessum gagnrýnend- um, þá værum við allir löngu hættir að mála. Við verðum að taka þá stefnu, að hlusta ekki á þá nema með öðru eyranu. En þetta er nú farið að vera í lagi núna. Fyrir tveimur til þremur árum var gagn- rýnin öll á þá leið að maður ætti helst að snúa sér að einhverju öðru.

H: Ég held að þrátt fyrir allt sé alltaf gagn af gagnrýnendum. Fólk miðar oft við þá og jafnvel slæmt umtal er betra en ekkert.

K: Ég hef rekið mig á það, að það eru alveg ótrúlega margir sem lesa gagnrýni. Jafnvel fólk sem fer aldrei á sýningar.

D: Það er það eina, að ef gagnrýn- in er mjög slæm er oft verri sala á málverkum á sýningunum. En það hefur gengið miklu betur að selja núna en áður.

K: Ég verð að segja, að bara á sýningunni hérna á Kjarvalsstöðum hef ég selt jafn mikið af verkum og ég hef áður selt samanlagt á mínum ferli fram að þessu.

D: Ég get nú ekki sagt það um mig.

H: Nei, það er nú ekki svo mikið hjá mér heldur.

Nú sá ég risastórt málverk eftir þig, Daði, þarna inni á sýningunni. Er nokkur von til þess að takist að selja svona stór verk?

– Já, sjáðu nú til. Þetta málverk er fyrir stóran stofnanir eins og Seðlabankann og Flugstöðina. Eða jafnvel listasöfnin í **alvöru talað**. Þau hafa ekki sprengt sig á kaupum af okkur hingað til.

– Í Þýskalandi er þetta bara skóla- stærð, sagði Kristinn hlæjandi. Þar er málað í 5x10 metra stærðum.

– Já, þetta þykir nú fullorðið mál- verk samt. En ekki nein yfirsterð.

– Annars er orðið meira og meira áberandi að þínulitlar myndir og málverk séu farin að sjást á sýningum,



Nýlistamenn
um heima og geima

ÞRÍR

ÓÞURRKAÐIR SALTFISKAR

Daði Guðbjörnsson, Helgi P. Friðjónsson og
Kristinn Guðbrandur Harðarson í viðtali

Undanfarnar vikur hafa sýnt myndir sýnar á samsýningu að Kjarvalsstöðum Daði Guðbjörnsson, Kristinn Harðarson og Helgi Þorgils Friðjónsson. Allir eru þeir þekktir af því að vera nýlistamenn, en í gagnrýni dagblaðanna kemur fram, að eitthvað annað en nýlist að þessu sinni sé á ferðinni, – að nýja málverk þeirra þremminga sé öðru vísi en ný málverk eigi að sér að vera.

Sýningu þeirra lýkur í dag en hún hefur vakið töluverða athygli ef marka má fjölda gesta og seldra verka. Í list sinni koma þeir félagar víða við og hafa að þessu sinni sýnt meðal annars skúlptúra, vatnslita-, oliukrítar- og olíumyndir. Á sýningunni eru hátt á annað hundrað verk og er hún hin fjórlegasta á að líta.

Fyrir viku sótti blaðamaður helgarblaðsins listamennina þrjá heim á sýningu þeirra að Kjarvalsstöðum og spjallaði við þá um heima og geima, – föttestunni af móður jörð var þó aldrei tapað og þrátt fyrir að glensid hafi setið í fyrirrúmi bjó ávallt alvaran undir niðri.

benti Helgi Þorgils á og Daði hélt áfram:

– Ég mála töluvert í þeirri stærð sjálfur, en ég þori ekki að sýna það hérna í svonum stórum sal, því að það myndi enginn sjá það.

Við erum alltaf svona fimm árum á eftir tímanum hérna uppi á Íslandi, svo að eftir fimm ár ætti að vera óhætt fyrir mig að setja upp sýningu á þessum smáum verkum. Þá verður smámyndaútsala.

Að setja upp sýningu

K: Það má segja um listiðkun á

Íslandi, að þú getur ekki stundað hana eingöngu. Ég er kennari í Myndlista- og handíðaskóla Íslands og reyndar erum við það allir þrír.

H: Já, – og svo vinnur maður vel í málverkunum þegar sýning er í aðsigi. Ég hef líka verið með verk á sýningu í París en í henni taka þátt þrír frá hverju Norðurlandanna. Þetta er í sambandi við afmæli Scandinavia Today og sýningin á að vera í Málmei í Svíþjóð í júní næstkomandi.

D: Þessi sýning hófst fyrir um þremur árum og alltaf með sömu mönnum.

H: Já, ég er viðbót, því það átti að vera einn ungur frá hverju Norðurland- anda og ég á víst að teljast ungur, þó að nemendur mínir í skólanum tækju varla undir það.

D: Þegar sýningin var upphaflega sett upp fyrir þremur árum voru það þrír ungir frá hverju Norðurland- anna, en á tveimur árum hafa þeir bætt við einum. Forstöðumönnum sýningarinnar hefur líklegast ekki þótt Sigurður Guðmundsson og fleiri nægilega ungir, – þeir þá orðnir gamlir!

En þú hefur ekki þótt nógu ungur heldur, Daði, eða hvað?

– Nei, heyrðu mig nú! Ég kenni í graffikdeildinni. Það hefur lodað við mig að ég væri graffiker af því að ég fiktadi einhvern tímann svolítið við það. Ég vona að með þessari sýningu hér á Kjarvalsstöðum takist mér að reka af mér slyðruorðið.

Slyðruorðið? Það er um að gera að brosa í kampinn og hlæja með, til að koma ekki upp um fávísku sína, að halda að graffikerar væru ekkert óæðri en hver annar.

D: Annars er það nú kannski ekkert slyðruorð! Mér hefur verið boðið að vera með graffíkverkin mín á sýningu í Baaden Baaden á næsta ári. Þess vegna er ég í raun mjög ánægður með að hafa fengið þennan stimpil, að vera graffiker. En það þykir mjög vont, séstaklega í Mogganum, að vera graffiker. Þykir það ekki voða fint í Tímanum?

– Já. Kennslan er okkar örugga tekjulind, svaraði Kristinn aðspurður, en þær eru drýgðar með mál- verkasölu.

Og til þess eru sýningar settar upp...?

H: Já, – og eiginlega nei! Maður málar ekki beinlínis til þess að setja upp sýningar. Þetta er fyrst og fremst áhugamál manns, – svo at- vinna. Það er einhver innri þörf sem knýr mann áfram og þegar vinnu- stofan er orðin full af því sem maður er að gera, setur maður upp sýningu til þess að athuga viðbrögð manna – ekki kannski beint að maður sé að hreinsa út af vinnustofnunni til að fá betra vinnupláss, heldur er þetta einskona andleg hreinsun í senn. Með sýningu er verki lokið, – maður getur byrjað á einhverju nýju og verður frísklegri. Eins og maður hafi lokið verkefni sem maður hafði sett sér. Svo þegar myndirnar eru komnar á sýningu uppgötvar maður oft að manni hefur ekki tekist að þróa stíllinn nógu vel og þá heldur maður áfram þaðan sem frá var horfið.

– Sýningar eru ekki bara til þess að brillera!

D: Að sjálfsgöðu vill maður selja, – en það skiptir ekki öllu máli. Það er samt eina örugga viðurkenningin að einhverjum líkar það sem maður er að gera, þegar þeir reida fram peningá til að eignast verkið.

Ég segi persónulega fyrir mig um þessa sýningu að hún er afgreiðsla á því sem ég hef verið að mála frá 1984, eða síðan ég kom heim frá Hollandi. Að vísu eru þarna þrjú verk sem ég sýni svona að gamni mínu – en í rauninni er þetta hringur sem er að lokast.

K: Það skýrist hvað maður hefur verið að gera og hvað maður er að leggja út í, – bæði það að sjá verkin svona saman komin á vegg og svo náttúrulega umsagnir sýningargesta. Svo kemur gagnrýnin í blöðunum. Maður reynir að vega og meta allar upplýsingar og ábendingar og verður svo sjálfur að taka ákvörðun um framhaldið, – hvernig eigi að standa að næstu tilraunum.

D: Maður er alltaf á hverri sýningu að prófa sig áfram. Ég hef haft mjög gaman af því að gera tilraunir með ramma utan um myndirnar. Annad hvort er maður með æðislega flotta ramma eins og ég var með á síðustu sýningu. Það gekk mjög illa. Þá talaði fólk hvorki um myndirnar né rammanna. Núna hafði ég eiginlega enga ramma. Þá talar fólk meira um verkin og rammarnir skemma ekki neitt.

H: A.m.k. er það síður en svo ætlun okkar að hneyksla einhvern mann.

K: Hafi það verið einhvern tímann þá erum við vaxnir upp úr því.

D: Annars hefur fólk stundum hneykslast á Helga út af þessum tippum sem hann er alltaf að mála. En það yrði ljót takmörkun á listinni ef ætti að banna að mála menn sem fara í það.

H: Maður heldur stundum að maður sé að gera öllum til geðs og verður svo á eftir vöðalega sár yfir því hvað maður var í raun glám- skyggn.